

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2017, föstudaginn 26. maí, var haldinn 266. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:10. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Theódór Kristjánsson, varamaður og Sverrir Óskarsson. Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason og Bryndís Haraldsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðarkerfisbreytingar.
2. Breytingar hjá Lífeyrissjóðnum Brú, áhrif á Strætó.
3. Persónuvernd, nýtt regluverk 2018.
4. Önnur mál.
 - a. Erindi frá Akraneskaupstað
 - b. Viðbragðsáætlun vegna ábendinga um misferli

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfismál

Áframhaldandi umfjöllun frá fundi stjórnar 12. maí sl. um mögulegar breytingar á leiðakerfi. Umræðum verður framhaldið á næsta stjórnarfund.

2. Breytingar hjá lífeyrissjóðnum BRÚ

Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar sem gerðar verða á réttindaávinnslu starfsmanna Strætó og áhrifum þessara breytingar á rekstur Strætó.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að endurskoða áætlun Strætó fyrir árið 2017 og koma með tillögur að breytingum á næsta stjórnarfund.

3. Persónuvernd nýtt regluverk

Framkvæmdastjóri fór yfir nýjar reglur um persónuvernd sem stefnt er að taka í notkun í maí á næsta ári. Heilmikil breyting frá núverandi regluverki og hefur Strætó hafið undirbúning að innleiðingu þeirra.

4. Önnur mál

- a) Erindi frá Akraneskaupstað. Stjórn fól framkvæmdastjóra að skoða og koma með tillögu að fyrirkomulagi sem tæki mið af umræðum á stjórnarfundi.
- b) Kynnt var fyrir stjórn viðbragðsáætlun vegna ábendinga um misferli. Samþykkt að biða rýni innri endurskoðenda á ferlinu áður en málið verður rætt frekar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:00

Heiða Björg Hilmisdóttir
Sverrir Óskarsson

Guðlaug Kristjánsdóttir
Theódór Kristjánsson

Fylgiskjöl:

- Kynning á leiðarkerfistillögum.
- Kynning á áhrifum breytinga hjá BRÚ á rekstur Strætó.
- Persónuvernd, kynning.
- Erindi frá Akraneskaupstað.